

Alþingi
Erindi nr. P 141/1514
komudagur 12.2.2013

Nefndasvið Alþingis,
Atvinnuveganefndnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík. 12. apríl 2013

Efni: Frumvarp til laga um Strandveiðar. 219. Mál

Á einu sviði sjávarútvegs hefur átt sér stað raunveruleg áþreifanleg hagræðing, en það er í uppsjávarflotanum. Ekki er ýkja mörg ár síðan 10 skip lágu í löndunarbið á Neskaupsstað með 150 -200 tonn hvert, eða samtals 2000 tonn. Í áhöfnum þessara skipa voru 120-130 manns. Í dag kemur eitt skip í höfn með sama magn. Í áhöfn þess eru 10 menn. Það þarf engan sérstakan speking til að sjá að á þessu sviði hafi orðið framfara-bylting til hagsbóta fyrir þjóðfélagið.

Því má spyrja hvert stefnum við í öðrum veiðigreinum. Því er fljót svarað. Við stefnum í þver öfuga átt. Dæmi. Togarinn Páll Pálsson ÍS var með 160 daga úthald sl. fiskveiðiár og verður væntanlega færri daga á þessu ári vegna áframhaldandi skerðinga á veiðiheimildum. Afli pr. úthaldsdag 30 tonn. Skipið liggur í höfn 205 daga ársins. Þetta eina skip gæti auðveldlega skilað að landi öllum strandveiðikvótanum og það fortakslaust sem mun betra hráefni en strandveiðiflotinn hefur tök á. Það er dapurlegt að verða vitni að þeirri miklu skammsýni sem felst í því að álíta að framtíð íslensks sjávarútvegs sé fólgin í því að mylja undir tómsundaveiðar smábáta í nokkrar vikur yfir sumarið meðan atvinnusjómenn mæla göturnar.

P.s. Fastbundinn 6700 tonna botnfiskafli strandveiðiflotans á fiskveiðiárinu samkvæmt þingskjali 227. 219. mál, er að sjálfsögðu mun skárri kostur en sá sem í boði er samkvæmt frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða 570. mál, þingskjal 968.

Virðingafyllt

F.h. FFSÍ Árni Bjarnason